

Miðvikudaginn 15. febrúar 1950.

Nr. 164/1949. **Ágúst Jónsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Búkollu h/f (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað
hrd. Jónatans Hallvarðssonar og
hrd. Þórður Eyjólfssonar.

Dómi í skuldamáli og fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar, sem framkvæmd var 18. ágúst 1948. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, en síðar, er það var fyrir tekið, kom enginn af hans hendi. Hefur málið því verið flutt skriflega eftir 1. tölul. 38. gr. laga nr. 112/1935, og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, er séu staðfestingarkröfu áfrýjanda til fyrirstöðu, ber að taka hana til greina.

Stefndi hafði áfrýjað máli þessu til breytingar með stefnu 25. ágúst 1948, en útivistardómur gekk í því máli 2. des. 1949, eftir að stefndi hafði ekki látið sækja þing. Áfrýjandi óskaði þá uppboðs af nýju, og skyldi það fram fara 17. des. f. á. Stefndi áfrýjaði málinu enn með stefnu 15. s. m., en því máli var vísað ex officio frá Hæstarétti með dómi 31. jan. þ. á. Að svo vöxnu máli þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til að bera málið undir Hæstarétt, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera öröskuð.

Stefndi, Búkolla h/f, greiði áfrýjanda, Ágúst Jónssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Ágúst Jónsson, rafvirkjameistari hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 24. f. m. gegn h/f Búkollu til greiðslu skuldar fyrir vinnu og efni að fjárhæð kr. 22773.49 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með talins lögaldskostnaðar. Einnig hefur stefnandi krafist þess, að staðfest verði lögaldsgerð á eignum stefnda, sem fram fór 21. maí s. l. til tryggingar dómkröfunum.

Stefnda hefur hvorki sótt þing né sækja látið, þótt því sé löglega stefnt. Ber því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti. Einnig ber að staðfesta framangreinda lögaldsgerð. Málskostnaður, þar með talinn kostnaður við lögaldsgerð, telst hæfilega ákveðinn kr. 1850.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind lögaldsgerð er staðfest.

Stefnda, Búkolla h/f, greiði stefnanda, Ágúst Jónssyni, kr. 22773.49 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 til greiðsludags og kr. 1850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. ágúst 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 18. ágúst, var fógetaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur að Laxnesi í Mosfellssveit og haldinn af fulltrúa sýslumannsins Kristni Ólafssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir tekið:

Skv. kröfu Magnúsar Thorlacius hrl. f. h. Ágústs Jónssonar að gera fjárnám í eignum Búkollu h.f. til tryggingar greiðslu á dómskuld að upphæð kr. 22773.49 ásamt 6% ársvöxtum frá 18/3 1948 til greiðsludags, kr. 1850.00 í málskostnað, kr. 49.00 fyrir birtingu og endurrit, og alls kostnaðar annars.

.....
Þá lýsti fógeti yfir, að hann gerði fjárnám að geymdum rétti 3ja manns í hinum uppskrifuðu gripum og útungunarvél til tryggingar framangreindri dómskuld ásamt kostnaði og vöxtum og brýndi fyrir umboðsmanni gerðarþola, að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, að færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri lagaábyrgð.